

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

17. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn þriðjudaginn 24. júní 2025 kl. 15 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórildur Dröfn Ingvarðóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifði fundargerð. Einig sat Linda Ásdísardóttir fundinn undir 1. Lið. Þetta var tekið fyrir:

1. **Starfsemi safnsins.** Síðustu mánuðir hafa verið annasamir hjá safninu. Í veturn vann Linda Ásdísardóttir að myndsetningu safnmunu Byggðasafns Ölfuss. Um páskana var haldin sýning í samvinnu við Fjölbautaskóla Suðurland á áróðursspöldum nemenda í grafískri hönnun. Stóð sýningin í borðstofu Hússins fram í maí. Í aprílþyrjun hófst vinna við heimildaöflun og gerð sýningarinnar „Yfir beljandi fljót“ sem fjallar um samgöngur í Árnessýslu fyrir gerð brúa og vega. Áður voru það ferjur og vöð um árnar og reiðslóðar milli staða. Allar leiðir lágu í Skálholt, Þingvelli og verslunarstaðinn Eyrarbakka. Sýningin var opnuð 20. júní og er fróðleg og vel hönnuð. Safnið var þáttakandi í Vor í Árborg og á Jónsmessuhátiðinni á Eyrarbakka sl. helgi. Við það tækifæri var Gistihúsbíllinn ÁR-67, Ford B gerð af vörubíl, árgerð 1930 afhentur safninu til varðveislu. Mikill tími hefur verið varið til gerðar kynningararefnis á samfélagsmiðla. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir hefur skipulagt fræðslustarfsemina og nokkrir skólar nýttu sér það að koma með 4. bekk í heimsókn nú í vor. Sylvía Kristjánsdóttir nýr starfsmaður og grafískur hönnuður hefur hannað allt sem hanna hefur þurft varðandi kynningararefni og sýningarspjöld. Lýður Pálsson safnstjóri hefur sinnt stjórnsýslu safnsins, lagt fram áherslur safnsins varðandi nýja stofnskrá safnsins, skipulagt sumarstarfsemina, verið öðrum starfsmönnum til liðsinnis og skipulagt Farskóla safnamanna sem haldinn verður á Selfossi í október.
2. **Fjárhagsleg staða safnsins.** Lagðar voru fram yfirlit um rekstur safnsins eftir hvern mánuð frá síðasta stjórnarfundi. Safnstjóri svaraði fyrispurnum stjórnar. Reksturinn er í góðu jafnvægi.
3. **Bréf frá Grímsnes- og Grafningshreppi.** Sveitarfelagið segir upp samningi um bókhald, launaútkeyrslu, reikningagerðar og skyldrar þjónustu frá 1. júlí með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Tilgreinda ástæður eru breytingar á skrifstofuhaldi hreppsins. Stjórn Byggðasafns Árnesinga leggur til við framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að hún leiti tilboða fyrir þær stofhanir sem nutu bókhaldspjónustu Grímsness- og Grafningshrepps.
4. **Eyri.** Lögð voru fram drög að samningi um Eyri. Safnstjóra falið að lagfæra samninginn í takt við umræðu á fundinum.
5. **Ný drög að samþykktum fyrir Byggðasafn Árnesinga.** Stjórn ræddi drög að samþykkt og fóli safnstjóra að senda lögfræðingi héraðsnefndar 10. grein í núverandi samþykktum Byggðasafns Árnesinga með ósk um að hún fari inn í nýjar samþykktir þar sem kemur fram að safninu sé heimilt að eiga hlut í og taka að sér rekstur annarra safna sé fjárhagslegur grundvöllur sé tryggður.
6. **Áætlanir fyrir 2026.** Stefnt að því að halda næsta fund í mánudaginn 8. september kl. 17 og ræða þá drög að starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir næsta ár.



**BYGGÐASAFN  
ÁRNEISINGA**

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 16,15.

Sandra Sigurðardóttir  
Þórildur Ingvarðóttir  
Árni Eiríksson

Lyður Pálsson